

Nr. 21-091 S 058 Bergur VE 44**Skipverji slasast á hendi**

Skipaskr.nr. 2677
IMO: 9171694
Útgerð: Bergur-Huginn ehf.
Smíðaður: Danmörku 1998, stál
Stærð: 569 BT
Mesta lengd: 35,38 m Skráð lengd: 30,17 m
Breidd: 10,5 m Dýpt: 6,90 m
Vél: Alpha 956 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 11



Bergur©NN

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. maí 2021 var Bergur VE 44 á togveiðum á Austurmiðum. Veður: 12–13 m/s 17,5 m/s í hviðum og talsverður veltingur.

Skipverjar voru að taka inn trollið þegar einn þeirra klemmdi tvo fingur á hægri hendi á milli láss og grandaravírs með þeim afleiðingum að hann fingurbrotnaði á löngutöng og kramdi baugfingur.

Við rannsókn kom fram:

- að skipið var á veiðum með tvö troll og fjórir grandaravírar voru í rennuni;
- að skipverjinn þurfti að stíga inn í rennuna til að lása bakstroffunni úr;
- að sögn slasaða voru vírarnir á ferð í rennuni en þar sem verið var með tvö troll var ekki hægt að lása úr með því að teygja sig yfir lunninguna;
- að slinkur kom á skipið og grandarinn fór af stað í rennuni með þeim afleiðingum að skipverjinn klemmdist;
- að fram kom að skipið hafi oltið mikið;
- að lásinn var um 10 kíló að þyngd.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.